

Nð.

395. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, að gera þær bráðabirgðabreytingar á skipulagi bændaskólans á Hólum, sem hjer verða taldar:

- a. að auka svo að miklu nemi kröfurnar til verklegs náms nemendanna við jarðrækt, búfjárhirðing og önnur landbúnaðarstörf, enda sitji þeir fyrir inngöngu í eldri deild skólans, sem lokið hafa 8 vikna jarðyrkjunámi.
- b. að reka skólabúið fyrir opinberan reikning, ef hentara þykir.
- c. að láta verða þær breytingar á kennaraliði skólans og reglugerð hans, sem nauðsynlegar eru.
- d. að hafa undirbúningsdeild í þjóðlegum fræðum, ef húsrúm leyfir.

2. gr.

Landsstjórninni heimilast að láta a-lið 1. gr. einnig koma til framkvæmda við bændaskólann á Hvanneyri.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1928.